

Fundargerðir skólanefndar MA 2023-2024

Fastir fundir skólanefndar eru þriðja fimmtudag í hverjum mánuði frá kl. 15-16.30

Í nefndinni sitja:

Kristrún Lind Birgisdóttir (skipuð af ráðherra, formaður)

Ásta A. Pétursdóttir (skipuð af ráðherra)

Óli Þór Jónsson (skipaður af ráðherra)

Elías Gunnar Þorbjörnsson (skipaður af SSNE)

Erla Rán Kjartansdóttir (skipuð af SSNE)

Krista Sól Guðjónsdóttir (fulltrúi nemenda)

Karl Frímannsson (skólameistari, áheyrnarfulltrúi)

Eyrún Huld Haraldsdóttir (fulltrúi kennara)

258. fundur 12. september 2023 (aukafundur)

Mætt:		Ásta A. Pétursdóttir Elías Gunnar Þorbjörnsson Erla Rán Kjartansdóttir Karl Frímannsson Kristrún Lind Birgisdóttir Óli Þór Jónsson		
Fund boðaði:		Kristrún	Fundarritun:	Eyrún Huld
Forföll:				
Staður:		Sólbyrgið		
Tími:		15.00-16.30	Dags.:	12. sept. 2023
Nr.	Atriði:			Ábyrgð
1	Sameining MA og VMA Rætt um viðbrögð við skýrslunni síðustu daga, Karl kom á fundinn og greindi frá þeim. Eftirfarandi bókun rædd og sett fram: <i>Bókun: Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri leggur til að hugmyndum ráðherra um samruna MA og VMA verði frestað á meðan haldbær rök um ábata liggja ekki ljós fyrir.</i>			KLB

	<i>Nefndin leggur til að ráðist verði í ítarlega fýsileikakönnun um kosti og galla samruna skólanna. Fýsileikakönnun þurfi að sýna fram á með óbyggjandi hætti að samruni efli bæði gæðastarf og námsframboð en komi einnig til móts við félagslegar þarfir nemenda á fjölbreyttan máta. Nefndin telur nauðsynlegt að til að unnt sé að ná breiðri sátt um framhaldið þurfi sú vinna að liggja fyrir áður en lengra er haldið.</i> Fundi slitið	
--	---	--

257. fundur 6. september 2023

Mætt:	Ásta A. Pétursdóttir (kom í lokin) Krista Sól Guðjónsdóttir Elías Gunnar Þorbjörnsson Erla Rán Kjartansdóttir Eyrún Huld Haraldsdóttir Karl Frímannsson Kristrún Lind Birgisdóttir Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir		
Fund boðaði:	Karl	Fundarritun:	Eyrún Huld
Forföll:	Óli Þór		
Staður:	Sólbyrgið		
Tími:	15.00-16.30	Dags.:	6. sept. 2023

Nr.	Atriði:	Ábyrgð
1	Sameining MA og VMA Eitt stórt mál á dagskrá og það rætt. Hver nefndarfulltrúi fékk tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Skiptar skoðanir, eðli málsins samkvæmt, en samstaða um að traust, yfirvegun og virðing verði að ráða för í allri vinnu framundan. Rætt var um skýrsluna frá ráðuneytinu sem liggur að baki. Ljóst að þar eru rangfærslur t.d. er varða fjármál og starfsmannamál og er það miður. Okkar var að kanna leiðir til	KF/KLB

	samstarfs/sameiningar en í raun hefur ákvörðunin verið tekin. um sameiningu. Óljóst hvert framhaldið verður á þessu stigi málsins. Nefndin þarf að funda aftur fljótlega. Fundi slitið	
--	--	--